

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,  
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

33. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til felld verði brott úr lögum um fjárreiður ríkisins lagagrein sem heimilar fjármálaráðherra að greiða úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Greinin er svohljóðandi:

„Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjárukalaga.“

Greinin var umdeild þegar frumvarpið, sem síðar varð að lögum um fjárreiður ríkisins, var rætt og afgreitt á Alþingi á 121. löggjafarþingi vorið 1997. Var á það bent að greinin færi í bága við 41. gr. stjórnarskrárinnar en hún hljóðar svo:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.“

Tvær breytingartillögur komu fram við 33. gr. sem báðar miðuðu að því að löggin gengju ekki lengra en stjórnarskráin var talin heimila, en þær voru báðar felldar. Að öðru leyti er vísað til umræðunnar sem þá fór fram um málið sem var 100. mál þingsins, þskj. 103.

Fyrsti flutningsmaður flutti á 133. löggjafarþingi að nýju þá tillögu í frumvarpsformi að fella alveg brott 33. gr. og vildi með því undirstrika að löggjafarvaldinu er samkvæmt stjórnarskrá ætlað að fara með fjárveitingavaldið. Frumvarpið varð þá ekki útrætt og er nú endurflutt óbreytt.

Verði frumvarpið að lögum mun það styrkja löggjafarvaldið og stefna að aðgreiningu þess og framkvæmdarvaldsins. Vissulega var full þörf á því að flytja frumvarpið fyrir réttu ári, en síðan hafa gerst þau tíðindi sem undirstrika enn frekar nauðsyn þess að draga skýrar línur milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og er þar vísað til Grímseyjarferjumálsins og skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í ágúst 2007. Það mál einkennist af því að fjármálaráðherra hefur teygt æ lengra túlkun sína á heimild til þess að stofna til útgjalda án heimildar í fjárlögum. Heimildarákvæði í fjárlögum til þess að selja ferjuna Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri ferju túlkar ráðherrann sem sjálfstæða heimild til útgjalda án þess að sala á ferjunni hafi farið fram og telur einnig að upphæð þeirrar heimildar

takmarkist ekki af andvirði hinnar seldu ferju. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þetta harðlega og segir í skýrslu sinni: „Að mati Ríkisendurskoðunar stenst þessi aðferð á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og getur ekki talist til góðrar stjórnsýslu.“ Telja verður að ákvæði 33. gr. fjárreiðulaga ýti undir þessa óheillaþróun og affarasælast sé að afnema greinina og fella þar með niður allar heimildir til greiðslu fjár úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum ríkisins. Að þeirri breytingu gerðri verður það skýr og ótvíræður vilji Alþingis að virða ákvæði 41. gr. stjórnarskrár lýðveldisins.